

1 Inngangur

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 ber þeim að framkvæma innra mat á starfsemi sinni. Aðalmarkmið þess er að útvega skólastjórnendum og skólasamfélaginu áreiðanleg, langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu. Skólum er í sjálfsvald sett hvernig þetta mat fer fram og eru til margar leiðir við framkvæmd þess. Með þessum upplýsingum er auðveldara að finna veikar og sterkar hliðar skólastarfsins til þess að geta unnið að úrbótum þar sem þeirra er þörf. Sjálfmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni en það þarf að byggja á fjölbreyttum greiningargögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni. Gæta þarf þess að starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taki þátt í því eftir því sem við á. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Matið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert, til þess að uppfylla viðmið laga. Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Sjálfsmatsteymi skólans ber ábyrgð á framkvæmd innra mats skólans en það skipuðu þetta skólaár tveir kennarar ásamt skólastjóra (Elva Þórisdóttir, Guðrún Elsa Helgadóttir og Hildur Ingólfssdóttir skólastjóri). Allir starfsmenn skólans hafa tekið þátt í vinnuferlinu, í gagnaöflum, með viðtölum við foreldra, vinnu við líðana- og tengslakannanir ásamt því að taka þátt í rýnihópum um hin ýmsu mál er snerta skólastarfið.

2 Starfsemi og áherslur skólans

2.1 Skólinn.

Höfðaskóli á Skagaströnd er grunnskóli með u.þ.b. 100 nemendur í 1. til 10. bekk, hluti nemendanna kemur úr öðru skólahverfi, Skagabyggð. Í vetur voru 90 nemendur í skólanum, og þar af voru 4 þýskir nemendur en það er í fyrsta skipti í langan tíma sem nemendur af erlendu bergi stunda nám við skólann. Fastráðnir kennarar í mismiklum starfshlutföllum ásamt skólastjóra. Enginn aðstoðarskólastjóri var ráðinni fyrir veturinn heldur starfaði kennararáð, skipað stigstjórum, með skólastjóra. Einnig störfuðu við skólann þrír stuðningsfulltrúar auk skólaliða og húsvarða. Þá hefur skólahjúkrunarfræðingur fasta viðtalstíma í skólanum og sinnir almennri heilsugæslu. Skólastarfinu er skipt í þrjár svipað langar annir: haust- vetrar- og vorönn. Kennslan fer fram í tveimur húsum, yngra- og miðstigi er kennt í skólahúsinu sjálfu en eldra stigi, 8. – 10. bekk í kennslustofum ípróttahúss, sem er á sömu lóð. Sund er kennt í námskeiðsformi haust og vor u.þ.b. hálfan mánuð hvort skipti. Er þetta fyrirkomulag haft vegna þess að sundlaugin er lokuð yfir vetrartímamann. Í vetur voru kennsludagar 175 (í stað 180), var það gert í samráði við foreldra að stytta skólaárið um þessa 5 daga

með því að lengja hvern skóladag um 10 mínútur. Nemendum og starfsfólki býðst að kaupa heitar skólamáltíðir í hádeginu. Gott samstarf er milli Höfðaskóla og Tónlistarskóla A-Hún. Fá nemendur, sem stunda tónlistarnám, að fara úr almennum tímum í skólanum í tíma hjá tónl.skólanum með hljóðfæri sín. Tónlistartímarnir eru skipulagðir þannig að nemendur mæta á mismunandi tímum frá viku til viku. Þá er tónlistarnám viðurkennt sem ein af valgreinum í eldri bekkjum skólans.

2.2 Stefna skólans og áherslur

Stefna skólans eða yfirmarkmið hans koma fram í einkunnarorðunum: **Vinsemd, virðing, styrkur**. Þar er vísað til þess að öllum beri að sýna samferðafólki sínu vinsemd og virðingu þrátt fyrir að við erum ólík og jafnvel ósammála um mikilvæg atriði. Vinsemd og virðingu er ekki hægt að kaupa sér heldur verður maður að öðlast hvort tveggja með eigin framkomu og hegðun. Styrkur vísar til þess að til þess að vera virkur og hamingjusamur einstaklingur í lýðræðislegu samfélagi er ekki nóg að vera læs og skrifandi. Allir þurfa að efla styrk sinn á breiðu sviði, líkamlega, félagslega, andlega og námslega án þess þó að það komi niður á öðrum. Höfðaskóli hefur tekið þátt í áætlun Olweusar gegn einelti allt frá árinu 2004 og starfað í anda uppbyggingarstefnunar Uppeldi til ábyrgðar frá haustinu 2006. Á yngsta stigi er unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis í flestum bóklegum greinum, ásamt þeirri áherslu að kenna í gegnum leik. Skólinn er samstarfsaðili hinna grunnskólana í Austur-Húnavatnssýslu um endurmenntun starfsmanna. Fræðslustjóri skipuleggur námskeið í samráði við stjórnendur skólanna sem hafa áður fengið tillögur frá sínum starfsmönnum. Þessi námskeið eru u.þ.b. mánaðarlega yfir veturinn. Meðfylgjandi er endurmenntunaráætlun fyrir skólaárið 2013-2014 (fylgiskjal 1).

Eftirtaldar nefndir og vinnuhópar skipaðar 3-5 starfsmönnum hafa starfað í vetur:

Eineltisteymi/Olweus/Uppeldi til ábyrgðar - Fundar vikulega og vinnur með þau eineltismál sem upp koma ásamt því að gera tillögur að úrbótum. Skipuleggur einnig eineltisfræðslu í skólanum bæði til nemenda og foreldra og stýrir vinnufundum starfsmanna um þetta málefni reglulega yfir veturinn.

Námskrárnefnd - Fundar vikulega og vinnur að endurskoðun skólanámskrár með tilliti til nýrrar Aðalnámskrár og leitar leiða til að koma áherslum hennar sem best inn í allt starf skólans. Skipuleggur vinnufundi með starfsmönnum jafnt yfir veturinn.

Sjálfsmatsteymi - Fundar vikulega og gerir áætlun um hvernig best verði staðið að sjálfsmati skólans og umbótaáætlun og heldur utan um þá vinnu. Sér um að leggja fyrir kannanir frá Skólapúlsinum og kallar eftir niðurstöðum frá umsjónarkennurum, skólastjórnendum, Olweusarteymi og rýnihópum eftir því sem við á.

Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014

Umhverfisnefnd - Fundar vikulega og vinnur að stefnumótun í umhverfismálum með það að markmiði að skólinn taki þátt í Grænfánaverkefninu.

Stelputeymi – Fundað vikulega eftir kynjaskipta fundi með stelpum í 3. – 7. bekk, þar sem fylgt var ákveðnu formi um bætt samskipti stelpna.

Vegna einstakra verkefna, vinnudaga er skipað í nefndir eftir því sem við á s.s. við undirbúning þemadaga, útivistardaga, árshátíðar og þess háttar.

3 Innra mat skólans skólaárið 2013-2014

3.1. Greiningargögn

Forsenda raunhæfs og áreiðanlegs sjálfsmats er að fram fari víðtæk gagnaöflun um skólastarfið til þess að fá sem fjölbreyttastar upplýsingar um skólastarfið. Auk þess sem skólinn notar greiningartæki Skólapúlsins við gagnaöflun þá nýtir skólinn Olweusarkannanir, líðana- og tengslakannanir, foreldra- og starfsmanna-viðtöl, niðurstöður samræmdra prófa, bekkjarnámskrár, almennt námsmat skólans, kennara- og starfsmannafundi, teymisfundi, rýnihópavinnu og ýmsar skimanir til þess að ná í sem fjölbreyttustar og áreiðanlegastar upplýsingar til þess að nýta við sjálfsmatið.

3.2 Sjálfsmatsáætlun 2013-2014

TÍMI	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
Júní – ágúst.	1. Sjálfsmatsskýrsla fyrra árs kynnt starfsmönnum skólans, skólaráði og fræðsluþvöllum. 2. Sjálfsmatsskýrsla sett á heimasíðu skólans.	Matshópur, starfsmenn, skólaráð og fræðsluþvöllum.
Ágúst – sept.	1. Umbótaáætlun kynnt 2. Kennsluáætlanir í Mentor 3. Haustfundir með foreldrum/forráðamönnum - niðurstöðum komið til sjálfsmatsteymis ef við á 4. Starfsmannasamtöl skólastjóra - niðurstöðum komið til sjálfsmatsteymis ef við á 5. Kynningarfundur með foreldrum stelpna í 3.-7. bekk á þeirri vinnu sem stefnt er að.	Skólastjórnandi, sjálfsmatsteymi, umsjónarkennarar og foreldrar/forráðamenn Matshópur og verkefnastjórar
Október GAGNA ÖFLUN skólapúlsinn	1. Skólapúlsinn - nemendakönnun 2. Líðana- og tengslakannanir lagðar fyrir nemendur 1. – 10. bekkja og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum. - niðurstöðum komið til Olweusarteymis og sjálfsmatsteymis ef við á 3. Læsiskannanir í 1. og 2. bekk	Sjálfsmatsteymi, umsjónarkennarar, og nemendur

Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014

<p>Nóv. – des.</p>	<p>1. Olweusarkönnun lögð fyrir nemendur 4. – 10. bekkja. 2. Niðurstöður samræmdra prófa kynntar og umbótaáætlun gerð. 3. Foreldraviðtöl við annaskipti í nóvember og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum - niðurstöðum komið til sjálfsmatsteymis ef við á. 4. Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólapúlsinum og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. 5. Skimanir í 1. og 2. bekk (Tove Kroh og Gerd Strand). 6. Lestrarskimanir</p>	<p>Sjálfsmatsteymi, Olweusarteymi, skólastjórnendur, sérkennari, umsjónarkennarar, foreldrar og nemendur</p>
<p>Janúar – mars</p> <p>GAGNA ÖFLUN skóla-púlsinn</p>	<p>1. Líðana- og tengslakannanir lagðar fyrir nemendur 1. – 10. bekkja og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum - niðurstöðum komið til Olweusarteymis og sjálfsmatsteymis ef við á. 2. Foreldraviðtöl við annaskipti í febrúar og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum - niðurstöðum komið til sjálfsmatsteymis ef við á. 3. Niðurstöður úr Olweusarkönnunum kynntar og unnið með niðurstöðurnar. 4. Starfsmannasamtöl tekin (mars) og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. 5. Lestrarskimanir og Talnalykill 6. Skoðanakönnun til foreldra sem varða skóladagatal og þess háttar. 7. Læsiskannanir í 1. og 2. bekk (febrúar) 8. Skólapúlsinn - foreldrar í febrúar og starfsfólk í mars. 9. Fundur með foreldrum stelpna í 3.-7. bekk, niðurstöður vinnu vetrarins kynntar.</p>	<p>Skólastjórnendur, verkefnisstjóri Olweusar í Húnavatnssýslum, sjálfsmatsteymi, sérkennari, umsjónarkennarar, foreldrar og nemendur. Matshópur</p>
<p>Apríl – Júní</p> <p>GAGNA ÖFLUN skóla-púlsinn</p>	<p>1. Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólapúlsinum og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. 2. Skólapúlsinn - nemendur (apríl) 3. Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum sem byggja á framangreindu mati skólaársins 4. Læsiskannanir í 1. og 2. bekk (maí).</p>	<p>Sjálfsmatsteymi umsjónarkennarar</p>

3.3 Skólapúlsinn

Höfðaskóli notar spurningalista frá Skólapúlsinum (fylgiskjal 2) til að auðvelda sér vinnuna við heildstætt sjálfsmat skólans. Skólapúlsinn er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er reglulega yfir veturinn um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Matið er langtímamiðað þannig að auðvelt er að bera saman stöðuna milli mánaða og frá ári til árs. Mikil

hagræðing er í notkun kerfisins þar sem framkvæmd er sjálfvirk og greining niðurstaðna og birting þeirra er einnig sjálfvirk. Niðurstöður um stöðu nemenda eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum á landinu.

Höfðaskóli hefur undanfarin þrjú skólaár (2011 – 2012, 2012-2013 og 2013-2014) notast við listana frá Skólapúlsinum við gagnaöflun frá nemendum en foreldrar og starfsfólk svöruðu spurningalistum frá Skólapúlsinum í annað skiptið í vetur. Áður var notast við kannanir Skólamats frá Outcome.

Tvær rafrænar kannanir eru lagðar fyrir nemendur 6. – 10. bekkjar í október og apríl. Sömu spurningar eru lagðar fyrir í bæði skiptin og fjalla þær um nám og líðan nemenda í skólanum í eftirfarandi flokkum:

1. Virkni nemenda í skólanum
2. Líðan nemenda
3. Skóla- og bekkjarandi

Aftast í spurningalistanum eru tvær opnar spurningar þar sem nemendur tjá sig frjálst um hvað þeim þykir gott og slæmt í skólanum. Þessi svör gefa oft vísbendingar um hvað liggur að baki þeirri líðan og virkni sem lesa má úr tölulegu niðurstöðunum.

Starfsmannakönnun fer fram í mars og mælir 20 – 28 þætti (eftir því hvaða starfsmaður er að svara) í sjö flokkum. Flokkarnir eru:

1. Almenn um starfsmenn (allir svara)
2. Viðhorf til skólans (allir svara)
3. Almennar upplýsingar um kennara (kennarar svara)
4. Kennarastarfið (kennarar svara)
5. Starfsumhverfi kennara (kennarar svara)
6. Mat og endurgjöf (kennarar svara)
7. Símenntun kennara

Foreldrakönnunin er lögð fyrir í febrúar og mælir hún 41 þátt í fjórum flokkum. Flokkarnir eru:

1. Nám og kennsla
2. Velferð nemenda
3. Foreldrasamstarf
4. heimastuðningur

Niðurstöðurnar allra kannananna eru settar fram á skýran og auðskiljanlegan máta með prósentutölum og skífu- eða súluritum. Áætlunin gerir ráð fyrir að spurt sé um mismunandi efnisflokka á hverju ári en þó er spurt um líðan nemenda á hverju ári.

3.4 Markmiðssetning og viðmið

Skólapúlsinn sendir niðurstöður kannananna út þannig að lesa má hvar skólinn stendur miðað við landsmeðaltal. Einnig má sjá samanburð milli bekkja og kynja innan skólans. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum. Skólapúlsinn gefur út sem viðmiðunarreglu að munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1.0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill eða mjög mikill munur.

Sett var það viðmið af innramatsteyminu að ef niðurstaða skólans væri meira en 0,5 stigum undir landsmeðaltali væri það eitthvað sem skoða þyrfti alvarlega og þá að gera tillögur til úrbóta. Það sem væri svipað og landsmeðaltal og niður að 0,5 stigunum undir þyrfti að skoða og taka ákvörðun út frá hvort við teldum það mikilvægan þátt og hvort munur væri milli kynja eða bekkja. Allt yfir landsmeðaltali væri gott og þyrfti ekki að skoða að þessu sinni en væri jafnframt kynnt fyrir starfsmönnum.

3.5 Túlkun gagna og kynning á niðurstöðum

Allt utanumhald og túlkun gagna sem fram komu í ofanritaðri vinnu var í höndum sjálfsmatsteymis sem síðan kynnti og ræddi niðurstöður sínar á kennarafundum og vinnufundum eftir því sem við átti. Nokkuð hefur skort á að kynna vinnu teymisins jafnóðum út á við. E.t.v. þarf að finna aðra og betri aðferð við kynningu á þessu efni en að birta það bara í skýrsluformi á heimasíðu skólans þar sem stór hópur foreldra nýtir sér hana lítið eða ekkert.

4 Niðurstöður og umbætur

4.1 Líðana- og tengslakannanir

Voru lagðar fyrir tveim dögum eftir skólasetningu og kom þá í ljós að samskiptavandamál stúlkna á miðstigi hefðu aukist frekar en lagast yfir sumarið.

4.1.1 Umbætur

Eineltiskannanir á vegum Olweusarteymis skólans hafa verið lagðar fyrir frá árinu 2004 og unnið úr þeim gögnum af teyminu. Niðurstöður úr líðana- og tengslakönnunum veturinn 2012-2013 gáfu ákveðnar vísbendingar um að stelpum á miðstigi liði ekki nógu vel í skólanum og kom í ljós í einstaklingsviðtölum að ákveðin samskiptavandamál væru í gangi. Brugðist var við með ákveðnum úrbótum svo sem bekkjarfundum, viðtölum við foreldra og fleira þar sem þessi atriði voru tekin fyrir. Einnig var ákveðið að fá utanaðkomandi aðila, Ingibjörg Auðunsdóttir frá skólapróunarsviði HA inn á haustmánuðum til þess að vinna með sjálfstraust og sjálfsmynd þessara nemenda og samskipti þeirra á milli. Dagný Rósa Úlfarsdóttir kennari fengin til að hafa yfirumsjón með verkefninu. Líðanakannanir voru síðan lagðar fyrir reglulega yfir veturinn. Mjög augljóst var að stelpunum leið mikið betur í lok skólaársins heldur en í byrjun.

Ákveðið var að halda áfram með verkefnið næsta vetur og jafnframt að vinna markvissara með strákana á svipaðan hátt.

4.2 Eineltiskönnun/Olweus

Niðurstöður Olweusarkönnunar sem tekin var í nóvember 2013 voru kynntar í febrúar 2014. (fylgiskjal 3)

4.2.1 Umbætur

Formaður Olweusarteymis fór á bekkjarfundi og ræddi niðurstöður könnunarinnar einnig var haldinn foreldrafundur og fór heim bréf þar sem farið var yfir niðurstöður.

4.3 Foreldraviðtöl

Foreldrar og umsjónarkennarar hittast a.m.k. þrisvar sinnum yfir skólaárið. Í upphafi skólaársins á námsefniskynningu í hverri bekkjardeild. Þar fer umsjónarkennari yfir námsefni og starf vetrarins. Síðan eru tvö einstaklingsviðtöl eftir annarskipti haust- og vetrarannar þar sem umsjónarkennari, foreldrar eða forráðamenn og nemandi hittast og fara m.a. annars yfir stöðu og gengi nemandans í námi og hlustað eftir röddum foreldra. Niðurstöður viðtalanna eru trúnaðarmál og farið með þær sem slíkar. Ef upp koma mál sem eru þess eðlis að þau eigi erindi til sjálfsmatsteymis er þeim komið þangað svo hægt sé að koma þeim í umbótaferli. Önnur mál voru leyst strax með þeim sem þau varðaði. Ekkert kom til sjálfsmatsteymis af þessum fundum vetrarins.

4.4 Starfsmannasamtöl.

Starfsmannaviðtöl fara fram að hausti og aftur að vori. Þau eru trúnaðarmál skólastjóra og starfsmanns og eru um allt sem snertir starfið og reynt að hafa þau umbótamiðuð. Í þeim er því ekki eingöngu litið til baka heldur einnig fram á veginn. Í starfsmannaviðtölum eru ekki felldir dómur, það snýst ekki um laun starfsmannsins og eru ekki einhliða frammistöðumat. Niðurstöður þeirra eru færðar og farið með sem trúnaðarmál. Í lok hvers viðtals gera starfsmaður og skólastjóri með sér samkomulag um aðgerðir sem snúa m.a. að markmiðum, verkefnum, fræðslu, starfs- og ábyrgðarsviðs hvers og eins. Ef eitthvað er einkennandi fyrir viðtölin í heild sinni og málefnið þess eðlis að hægt sé að gera það opinbert þá kemur skólastjórnandi því til sjálfsmatsteymis þar sem málefnið er sett í umbótaáætlun. Ekkert þannig málefni kom upp að þessu sinni.

4.5 Nemendakannanir

Spurningarnar í hverri könnun skiptast í nokkra flokka. Í nemendakönnun er spurt um: Virkni nemenda í skólanum, líðan nemenda og skóla- og bekkjaranda. Sjá má spurningarnar í heild sinni í fylgiskjali 4.

Þegar flokkurinn virkni nemenda í skólanum er skoðaður kemur í ljós að ánægja nemenda af lestri hefur lækkað enn frekar milli ára og er talsvert undir

landsmeðaltali. Ekki var að sjá mikinn mun milli árganga eða kynja. Sama er að segja um áhuga nemenda á stærðfræði. Þar erum við líka talsvert undir landsmeðaltali og enn og aftur en áberandi að nemendur í árgangi 2001 skora þar mikið lærra en nemendur annarra bekkja og er mjög mikill munur á þessum bekk miðað við landsmeðaltal sama árgangs. Þá er sammerkt með nemendum okkar að þeir hafa litla trú á að þeir hafi einhverja stjórn á eigin árangri, trú á eigin vinnubrögðum, námsgetu og hafa litla þrautseigju í námi.

Þegar líðan og heilsa nemenda er skoðuð sést að nemendur okkar hafa talsvert lærra sjálfsálit en jafnaldrar þeirra á landinu, þeim líður ekki vel og þeir telja sig hafa litla stjórn á eigin lífi. Þetta eru sömu niðurstöður og fyrir ári. Einelti er svipað og gerist annars staðar samkv. niðurstöðum Skólapúlsins en samkv. Olweus stöndum við vel þar. Athygli vekur að nemendur upplifi einelti í kennslustundum og búningsklefum.

Þegar spurningar sem varða skóla- og bekkjaranda sést að samsömun nemenda við skólasystkini er dálítið undir landsmeðaltali. Ekki er að sjá neinn marktækan mun milli bekkja eða kynja né lækkun milli ára.

4.6 Foreldrakönnun

Þetta er í annað skiptið sem þessi spurningalisti Skólapúlsins er lagður fyrir foreldra og því í fyrsta sinn hægt að bera niðurstöðurnar saman milli ára ásamt því að bera niðurstöðurnar saman við landsmeðaltal. Spurningar foreldra eru flokkaðar í eftirfarandi flokka: nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta skólans, foreldrasamstarf og heimastuðningur.


Þegar þættirnir um nám og kennslu eru skoðaðir kemur fram að foreldrar eru minna ánægðir með námið og kennsluna í skólanum en fyrir ári og miðað við foreldra annars staðar á landinu. Ánægja foreldra með stjórnun skólans hefur batnað en er þó vel undir landsmeðaltali. Einnig eru foreldrar ánægðari núna með þyngd námsefnis. Sláandi er hvað skólinn kemur illa út varðandi agamál, bæði hefur það aukist milli ára og eins erum við langt undir landsmeðaltali (45% foreldra í skólanum finnst hann of lítill miðað við 23% landsmeðaltal, 52% foreldra skólans telja hann hæfilegan miðað við 75% landsmeðaltal). Annað varðandi nám og kennslu er ekki afgerandi munur á miðað við foreldra í landinu telja agann í sínum skóla hæfileganlandsmeðaltal. Eins vekur athygli að fyrir ári síðan fannst 88% foreldra í skólanum hæfileg áhersla á námsmat með hefðbundnum prófum en einungis 64% í ár.

Ef velferð nemenda í skólanum er skoðuð kemur í ljós að foreldrar eru ekki ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda. Þá upplifa foreldrar umfang eineltis í skólanum meira en foreldrar annars staðar á landinu gera gagnvart sínum skólum. Hins vegar eru þeir ánægðir með úrvinnslu mála en finnst hún taka of langan tíma.

Varðandi aðstöðu og þjónustu virðist sem foreldrar elstu nemenda skólans séu minna ánægðir með aðstöðu nemendanna en foreldrar yngri nemenda. Athygli vekur að hlutfall þeirra sem eru með einstaklingsáætlun í sérkennslu/stuðningi er talsvert hærra en gengur og gerist en aftur á móti er aðkoma foreldranna að þeirri vinnu minni en annars staðar. Áberandi er að hlutfall þeirra sem nýta mótuneytið er ekki nema 65% miðað við 85% landsmeðaltal og hlutfall þeirra sem nýta mótuneytið fyrir sín börn og eru ánægðir eða mjög ánægðir hefur lækkað úr 82% í 54%. Helstu ástæður óánægjunnar er óánægja með matseðil (40%).

Þegar spurningar varðandi foreldrasamstarf eru skoðaðar er áberandi að einungis 24% foreldra tekur þátt í gerð námsáætlana miðað við 56% foreldra í landsmeðaltali og einnig er ekki nema 55% foreldra ánægt með heimasíðu skólans á móti 85% í landsmeðaltali.

Síðasti þátturinn í spurningalistanum til foreldra varðar heimastuðning. Foreldrar barna í Höfðaskóla eru almennt ánægðir með magn heimanáms (80% miðað við 72% landsmeðaltal) en á móti kemur að 61% foreldra telja sig eyða minna en 15 mínútum á dag í að aðstoða barn sitt námslega á móti 40% landsmeðaltal. Lokaspurningin til foreldra er hvaða væntingar þeir hafa til framhaldsmenntunar barna sinna, þ.e. hvaða menntunarstigi þeir telji að börn sín muni ljúka. Eftirfarandi mynd segir meira en mörg orð.



4.7 Starfsmannakönnun

Spurningum starfsmanna er skipt í eftirfarandi flokka: almennt um skólann, viðhorf til skólans, almennar upplýsingar um kennara, kennarastarfið, starfsumhverfi kennara, mat og endurgjöf og símenntun kennara. Misjafnt er eftir starfsheiti hvaða spurningum hver starfsmaður svarar. Þetta er í annað skiptið sem starfsmenn svara spurningalista. Ekkert vekur sérstaka varðandi almennt um skólann, viðhorf til skólans né almennt um kennarana. Þegar kennarastarfið er skoðað kemur í ljós að kennarar skólans vinna mest af vinnunni sinni í skólanum og er talsverður munur þar á miðað við landsmeðaltal. Einnig virðast kennarar við skólann hafa minni trú á eigin getu en aðrir kennarar á landinu. Varðandi umfang mats og endurgjafar þá telja kennarar skólans sig allir hafa

fengið mat og endurgjöf árlega eða oftár frá skólastjórnendum, öðrum kennurum eða samstarfskennurum og er þetta langt yfir landsmeðaltali (100% á móti 62%). Í lokaflokknum um símenntun kennara er eitt atriði sem vekur sérstaka athygli en það er að kennarar við skólann myndu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði (83% á móti 60% í landsmeðaltali).

4.8 Námsmat skóla og samræmd próf

Í Höfðaskóla er þriggja anna kerfi og lýkur hverri önn með því að niðurstöður námsmats er komið til nemenda og forráðamanna í foreldraviðtali (ekki viðtal að vori). Í 1. – 10. bekk eru ekki sérstakir prófadagar heldur er námsmatið fléttað inn í skólastarfið alla önnina, þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel og verið um það almenn ánægja. Niðurstöður þessara prófa eru svo hluti af námsmati annarinnar. Sama fyrirkomulag er við að koma niðurstöðum þessara prófa til nemenda og forráðamanna og í yngri bekkjunum.

Eins og í öðrum skólum landsins fara nemendur 4., 7. og 10. bekkja í samræmd próf. Árangur nemenda í samræmdum prófum haustið 2013 var undir landsmeðaltali og hefur verið þannig undanfarin ár. Vert er að taka fram að allir nemendur þessara bekkja tóku samræmt próf og í stuttu máli má segja að niðurstöður prófanna hafi verið áfall fyrir skólann. Að hluta til má rekja slaka útkomu til þess að óvenju hátt hlutfall nemenda í árgöngunum er með námsörðugleika og/eða greiningar.

Umbætur

Rýnt var í sundurliðaðar niðurstöður hvers bekkjar þegar þær bárust og gerðar áætlanir eftir því sem við átti. Áfram verður unnið með Pals lestrarkennsluaðferð á miðstigi og yngsta stigi til að bæta lesskilning og leshraða nemenda. Á yngsta stigi er einnig unnið út frá Byrjendalæsis lestrarkennsluaðferð og mest áhersla lögð á grunnfögin stærðfræði og íslensku en önnur fög koma svo sterkar inn í eldri bekkjunum. Nauðsynlegt er að sjá til þess nýjir kennarar fái námskeið í þeim aðferðum sem hér eru notaðar til þess að viðhalda samfellu í þeim kennsluaðferðum sem við viljum nota.

5 Samantekt

Í Höfðaskóla einsetjum við okkur að vinna metnaðarfullt starf. Yfirmarkmið skólafarissins er, eins og áður, að nemendum líði vel í skólanum og að þeir nái betri árangri á sem flestum sviðum en á síðasta skólaári, þannig náum við að vinna eftir einkunnarorðum skólans **vinsemd, virðing, styrkur**.

Það sem stendur upp úr við úrvinnslu gagna er að í könnunum Skólafarissins hefur og Olweusar könnunum kemur í ljós að líðan nemenda hefur batnaði síðan 2012 og þá sérstaklega líðan stelpnanna. Mun færri nemendur segjast verða fyrir einelti eða vera hræddir um að lenda í einelti. Athygli vekur að hvort tveggja nemendur og kennarar hafa minni trú á sér miðað við landsmeðaltal. Nemendur skólans eru ófeimnir og taka hiklaust þátt í öllu félagsstarfi sem þeim er boðið uppá hvort sem það er á vegum félagsmiðstöðvar, kirkjunnar eða ungmennafélagsins. **Olweus !!!** Þessar kannanir eru gerðar í nóvember á hverju ári.

Einnig er nauðsynlegt að skólinn vinni markvisst að því að bæta námsárangur nemenda og að skólinn setji sér það markmið að hækka sig í samræmdum prófum að landsmeðaltali.

Við teljum skólann ekki hafa náð þeim markmiðum, sem að var stefnt á þessu skólaári, í árangri nemenda á samræmdum prófum. Við teljum það eina af sterku hliðum skólans að nemendum líði vel og erum sammála um að það sé forsenda fyrir bættum námsárangri. Mikilvægt er að hlúa vel að þeim styrkleikum sem niðurstöður gefa til kynna og efla þá þætti. Veika hlið skólans í þessu máli er e.t.v. sú að ekki hefur tekist að fá foreldrana nógu vel með. Þar má bæta og auka samskiptin verulega þó svo að foreldrar telji, aðspurðir, að tengslin séu góð og nægjanleg. Það að fá foreldra með skólanum í að vinna að gerð áætlana er eitthvað sem þyrfti að stefna að. Nauðsynlegt er að átta sig á að við erum öll í sama liði að bæta skólafarfið, foreldrar, nemendur, kennarar og skólasamfélagið.

Stöndum saman í að gera góðan skóla betri.

Fylgiskjal 1 – Endurmenntunaráætlun kennari – sjá viðhengi

Fylgiskjal 2 – Niðurstöður kannanna skólafarissins – sjá viðhengi

Fylgiskjal 3 – Niðurstöður Olweusarkannana – sjá viðhengi